

HAFNARFJÖRÐUR, 2021

FORNLEIFASKRÁ HAFNARFJARÐAR II

MÍÐBÆR OG HRAUN



Mynd á forsíðu horfir eftir Einarsreit (2496-440)

Ljósmynd: Atli Rúnarsson

©2021

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Strandgata 4

220 Hafnarfjörður

Sími: 585 5780

Netfang: museum@hafnarfjordur.is

Heimasíða: www.byggdasafnid.is

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning	3
Fornleifar.....	7
Miðbærinn.....	9
Hraunin	12
Heimildaskrá	16
Myndaskrá.....	18
Töfluskrá	18
Viðauki 1: Fornleifaskrá	19

Inngangur

Árið 2020 var sú ákvörðun tekin að Byggðasafn Hafnarfjarðar myndi hefja vinnu við að endurskrá allt sveitarfélagið vegna aðalskipulags¹ en margar af þeim skráningum sem fyrir lágu voru orðnar úreltar og þurfti að uppfæra þær að stöðlum Minjastofnunar Íslands. Það er hlutverk Byggðasafns Hafnarfjarðar að sjá um skráningu allra minja í sveitarfélaginu.

Ákveðið var að skipta sveitarfélaginu upp í 11 svæði og fjallar þessi skýrsla um svæði 2. Einnig var ákveðið að safna þeim skráningum sem fyrir lágu og voru eftir stöðlum Minjastofnunar og hafa þær aðgengingar á einum stað í stað þess að vera í fjölmörgum skýrslum eins og var áður.

Umrætt skráningarsvæði afmarkast af Reykjavíkurvegi í vestri, sameinast Fjarðarhrauni og Reykjanesbraut í austri og Lækjargötu í suðri. Skráningarsvæðinu er hægt að skipta upp í tvö svæði, miðbæ Hafnarfjarðar og Hraunin.

Fornleifaskráningin fól í sér athugun á heimildum, loftmyndum og fyrri skráningarskýrslum, vettvangsskráningu og úrvinnslu. Farið var eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands², sem gaf verkefninu númerið 2578. Á vettvangi fór fornleifafræðingurinn Atli Rúnarsson og sá hann einnig um skýrslugerð. Ljósmyndir voru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram og það sama á um kortagerð.

Svæðisskráning fornleifa var gerð í Hafnarfirði 1998 af Fornleifastofnun Íslands.³ Katrín Gunnarsdóttir skráði hluta af svæðinu 2010⁴ og endurskráði Bjarni F. Einarsson þann hluta árið



Mynd 1 - Loftmynd af skráningarsvæðinu. Svæðið er innan hvítu punktalínunnar.


¹ Sjá Yngvi Þór Loftsson, 2006

² Minjastofnun Íslands, 2013

³ Hildur Gestsdóttir & Sædís Gunnarsdóttir, 1998

⁴ Katrín Gunnarsdóttir, 2010

2020⁵ og fékk það verk númerið 2496. Katrín skráði annan hluta svæðisins 2011.⁶ Atli Rúnarsson skráði einnig hluta af svæðinu árið 2018⁷ og fengu þau verk númerin 1928 og 1935. Skráning á vettvangi fyrir verk 2578 fór fram í janúar 2021.



Mynd 2 - Hafnarfjörður um 1880. Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar

⁵ Bjarni F. Einarsson, 2020

⁶ Katrín Gunnarsdóttir, 2011

⁷ Sjá tvær skýrslur eftir Atla Rúnarsson frá 2018

Fornleifaskráning

Samkvæmt menningarminjalögum njóta allar fornleifar friðunar og verndunar en í 3. grein laganna segir: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. Búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Einnig njóta fornminjar friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.⁸

Í 16. grein laganna er víkið að skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða

⁸ Lög um menningarminjar, 2012, 3.gr.

deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjóð af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.“⁹

Jafnframt segir í 21. grein laganna: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi. Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

⁹ Lög um menningarminjar, 2012, 16.gr.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.¹⁰

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgi nema annað sé ákveðið.¹¹



Mynd 3 - Hafnarfjörður um 1926. Ýmis garðlög sjást á myndinni. Myndin er í förum Byggðasafns Hafnarfjarðar

¹⁰ Lög um menningarminjar, 2012, 21. gr.

¹¹ Lög um menningarminjar, 2012, 22. gr.



Fornleifar

Alls voru skráðar 49 minjar á vettvangi. Afrakstur fornleifaskráningarinnar má sjá í töflunni hér að neðan auk meðfylgjandi fornleifaskrá og á loftmyndum sem sýna staðsetningu minjanna.

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	ALDUR	ÁSTAND
2578-1		garðlag	landamerki/lóðamörk	1900-1950	vel greinanleg
2578-2		garðlag	gerði	1900-1950	greinanleg
2578-3		tóft	kartöflugeymsla	1900-1950	greinanleg
2578-4		garðlag	ræktun	1900-1950	illgreinanleg
2578-5		tóft	kartöflugeymsla	1900-1950	greinanleg
2578-6		tóft	óþekkt	1550-1900	illgreinanleg
2578-7		hleðsla	stekkur	1550-1900	greinanleg
2578-8		garðlag	ræktun	1900-	greinanleg
2578-9		garðlag	gerði	1550-1900	greinanleg
2578-10		hleðsla	fjárskýli	1550-1900	vel greinanleg
2578-11		hleðsla	fyrirhleðsla	1550-1900	greinanleg
2578-12		tóft	óþekkt	1550-1900	greinanleg
2578-13		niðurgroftur/hleðsla	stöðull	1550-1900	greinanleg
2578-14		garðlag	ræktun	1900-1950	greinanleg
2578-15		hleðsla	ræktun	1900-1950	greinanleg
2496-430		garðlag	lóðamörk	1900-1925	greinanleg
2496-431		garðlag	lóðamörk	1900-1925	illgreinanleg
2496-432		garðlag	matjurtagarður	1900-1925	illgreinanleg
2496-433		garðlag	lóðamörk	1900-1925	vel greinanleg
2496-434		garðlag	óþekkt	1900-1925	vel greinanleg
2496-435		garðlag	lóðamörk	1900-1925	vel greinanleg
2496-436		garðlag	lóðamörk	1900-1925	greinanleg
2496-437		garðlag	lóðamörk	1920-1925	greinanleg
2496-438		garðlag	lóðamörk	1900-1925	vel greinanleg
2496-439		garðlag	lóðamörk	1900-1925	greinanleg
2496-440	Einarsreitur	steinalögn	fiskreitur	1913	vel greinanleg
2496-441		tóft	fiskgeymsla	1550-1900	greinanleg
2496-442		tóft	fiskgeymsla	1550-1900	illgreinanleg
2496-443		tóft	óþekkt	1900-1950	vel greinanleg
2496-444		garðlag	gerði/ræktunarreitir	1550-1900	greinanleg
2496-445		garðlag	kartöflugarðar	1550-1900	greinanleg
2496-446		tóft	kartöflugeymsla	1550-1900	greinanleg
2496-447		garðlag	ræktun	1550-1900	illgreinanleg
2496-448		tóft	kartöflugeymsla	1550-1900	greinanleg
2496-449		garðlag	gerði/ræktunarreitir	1550-1900	illgreinanleg
2496-450		garðlag	óþekkt	1550-1900	greinanleg
2496-451		garðlag	óþekkt	1550-1900	vel greinanleg
2496-452		garðlag	óþekkt	1900-	greinanleg
2496-453		garðlag	óþekkt	1900-	greinanleg

2496-454		garðlag	lóðamörk	1900-	vel greinanleg
2496-455		garðlag	lóðamörk	1900-	vel greinanleg
2496-456		garðlag	lóðamörk	1900-	vel greinanleg
1935-1		garðlag	lóðamörk	1910-1958	greinanleg
1935-2	Austurgata 46	tóft	híbýli	1902-1958	greinanleg
1935-3		gata	leið	1910-1958	greinanleg
1935-4		garðlag	lóðamörk	1850-1950	greinanleg
1935-5		tóft	óþekkt	1850-1950	greinanleg
1935-6	Austurgata 15	tóft	híbýli	1889-1967	greinanleg
1935-7		hleðsla	óþekkt	1850-1950	greinanleg

Tafla 1 - Yfirlit yfir skráðar minjar á svæðinu



Mynd 5 - Fjárskýli (2578-10)

Miðbærinn

Miðbær Hafnarfjarðar er gróflega innan þess landsvæðis sem áður var Akurgerði. Nafn jarðarinnar bendir til þess að einhverntímann hafi verið reynt við akuryrkju á henni en undir hraunbrúninni við fjörðinn var mikil veðursæld og skjól fyrir norðanátt. Engar heimildir eru þó til fyrir þessari akuryrkju fyrir utan nafn jarðarinnar.¹²

Fram til 1677 var Akurgerði hjáleiga frá Görðum á Álftanesi en það ár eignaðist Hans Nansen, Hafnarfjarðarkaupmaður, jörðina í makaskiptum fyrir hálfa Rauðakollsstaði í Eyjahreppi í Hnappadalssýslu. Við eignaskiptin fluttist verslunarstaðurinn, sem hafði verið í Hvaleyrarlandi, til Akurgerðis og eftir þau voru þar einungis þurrabúðir og eignarráð landsins í höndum Hafnarfjarðarkaupmanna og saga jarðarinnar er þá í raun saga verslunarstaðarins.¹³

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var sagt að Akurgerði hafi verið eign Garðakirkju til forna og hjáleiga í Garðalandi. Hafnarfjarðarkaupmaður hafði þar eignarráð og að dýrleiki gömlu hjáleigunnar hafi verið óviss, þar sem hún stóð í óskiptu landi og tíundaðist ekki. Þar bjuggu Guðmundur Þórðarson og Þorleifur Sveinsson og greiddur þeir enga húsaleigu en voru í staðin skyldir til handarvika sem kaupmaðurinn þurfti á sumri og eftirliggjarinn á vetri. Þeir viðhéldu búðinni með styrk kaupmanna og héldu engan kvikfénað vegna þess að þar gat enginn kvikfénaður fóðrast, því túnstæðið var allt farið undir byggingar.¹⁴

Í sýslu og sóknalýsingum sagði séra Árni Helgason að „*Enginn veit nú, hvað mikið land Akurgerði fylgdi, og þingsvitni, sem tekið var nálægt 1790, gat engu orkað, það hefir dankað sona, að kaupmenn, sem eiga Akurgerði, eigna sér ströndina frá Fiskakletti og inn að Hamarskotslæk, og prestar í Görðum hafa ei ákært. Á þessu petti eru nú þrjú höndulráðssetur, grossera Knutzons, Thomsens og Linnets. Bæði Thomsen og Linnet betala þeim fyrstnefnda eiganda lóðatoll.*

Auk þessara höfuðbýla eru á sömu lóð meir en 20 tómthús og fleiri en ein familie í sumum. Enginn sem býr í þessum höndlunarstað, hefir grasnyt. Tómthúsin fjölga og nöfnin breytast, þegar nýir íbúar koma.“¹⁵

¹² Sigurður Skúlason, 1933, bls. 78

¹³ Sigurður Skúlason, 1933, bls. 78-79

¹⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1924, bls. 176-177

¹⁵ Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu og sóknalýsingar Hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1885, 2007, bls. 124

Alls voru 20 minjar skráðar í miðbæ Hafnarfjarðar en þar af voru 15 garðlög sem öll, fyrir utan 2, skilgreinast sem lóðamörk. Garðlögin sjást einnig öll á uppdrætti sem Jón Víðis gerði af Hafnarfirði á árunum 1925-26.¹⁶

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	ALDUR
2496-430		garðlag	lóðamörk	1900-
2496-431		garðlag	lóðamörk	1900-
2496-432		garðlag	matjurtagarður	1900-
2496-433		garðlag	lóðamörk	1900-
2496-434		garðlag	óþekkt	1550-1900
2496-435		garðlag	lóðamörk	1550-1900
2496-436		garðlag	lóðamörk	1900-
2496-437		garðlag	lóðamörk	1550-1900
2496-438		garðlag	lóðamörk	1550-1900
2496-439		garðlag	lóðamörk	1550-1900
2496-454		garðlag	lóðamörk	1900-
2496-455		garðlag	lóðamörk	1900-
2496-456		garðlag	lóðamörk	1900-
1935-1		garðlag	lóðamörk	1910-1958
1935-2	Austurgata 46	tóft	híbýli	1902-1958
1935-3		gata	leið	1910-1958
1935-4		garðlag	lóðamörk	1850-1950
1935-5		tóft	óþekkt	1850-1950
1935-6	Austurgata 15	tóft	híbýli	1889-1967
1935-7		hleðsla	óþekkt	1850-1950

Tafla 2 - Skráðar minjar í miðbæ Hafnarfjarðar

Leifar tveggja húsa voru einnig skráðar en bæði húsin voru reist í kringum 1900 og teljast því til fornminja. Þetta voru húsin við Austurgötu 15 og 46 (1935-6 og 1935-2).

Húsið við Austurgötu 46 (1935-2) stóð þar sem nú stendur listaverk við Hamarskotslæk, eftir Hallstein Sigurðsson sem reist var vegna 100 ára afmælis rafmagns í Hafnarfirði,¹⁷ og var kallað



Mynd 6 - Austurgata 46 í forgrunni á ljósmynd sem tekin var um 1926. Myndin er í fórum Bygðasafns Hafnarfjarðar og hefur verið klippt til.

ýmsum nöfnum, t.d. á Balanum, Hólnum eða Grund, og var reist 1902 en var flutt upp að Kaplakrika árið 1958.¹⁸ Í brunabótavirðingu frá 1917 var húsinu lýst svona: a) íbúðarhús,

¹⁶ Jón Víðis, 1925-26

¹⁷ 100 ára afmælis rafmagns minnst í Hafnarfirði, 2004

¹⁸ Magnús Jónsson, 1967, bls. 48


húsið er einlyft með risi 0.80m. Því er skipt í 3 herbergi og eldhús, herbergin fódruð, annars klætt panel og málað, eingöngu notað til íbúðar. b) Við austurhlið hússins er skúr, notaður til inngöngu í húsið og til geymslu.“ Húsið var úr timbri og klætt að hluta með járn en annars með pappa og þakið úr járnvörðu timbri.¹⁹

Hitt húsið, Austurgata 15 (1935-6), stóð þar sem nú er auð lóð á milli Austurgötu 11 og 17. Það var byggt skömmu eftir 1889 og var rífið 1967. Húsið var einnig þekkt sem Jörundarhús eða Lárugerði.²⁰ Í brunabótavirðingu frá 1916 var húsinu lýst svona: „Húsið er ein hæð með risi 2.20m. Niðri er því skipt í 3 stofur og eldhús, klætt innan með panel, 2 stofur fódraðar, allt málað. Uppi er því skipt í 2 herbergi og [...] klætt innan með panel og málað. Húsið er notað til íbúðar. Inngangsskúr er áfastur við austurhlið hússins með boga þaki.“ Húsið var allt úr timbri og járnklætt.²¹

Eins og áður segir þá sjást öll garðlögin sem skráð voru í miðbænum á uppdrætti sem Jón Víðis gerði af Hafnarfirði á árunum 1925-26. Þessi uppdráttur er mjög góð heimild um þróun byggðar í Hafnarfirði en á honum má finna, auk staðsetningar og gerð húsa, alla steypu- og grjótgarða og girðingar sem voru í bænum á þessum árum.



Mynd 7 - Austurgata 15, ljósmynd tekin fyrir 1928. Myndin er í fórum Bygðasafns Hafnarfjarðar.



Mynd 8 - Skráningarsvæðið á uppdrætti Jóns Víðis frá 1925-26. Kortið er í fórum Bygðasafns Hafnarfjarðar og hefur verið klippið til.

¹⁹ Brunabótaafjelag Íslands, 1916-1917, bls. 131

²⁰ Magnús Jónsson, 1967, bls. 75-76

²¹ Brunabótaafjelag Íslands, 1916-1917, bls. 66

Hraunin

Hraunahverfið í Hafnarfirði er á því svæði sem áður var í eigu Garða. Fyrstu heimildir um Garða eru frá árinu 1307 en það er skjal um rétt til rekafjöru í landi Garða: 1307 „ad stadur j Gördum a Alftanese ætte allan vidreka og hvalreka fra Ranganiogre ig (i) Leitu kvenna bása ad kalftiorninga fiouru.“²² 1367 var staðurinn metinn á 16 hndr. og átti kirkjan þá allt heimalandið.²³ Í skjali frá 1558 var sagt að kirkjujörðin Hlíð var lögð til Bessastaða, en Garðar fengu í staðinn Vífilstaði.²⁴



Mynd 9 - Loftmynd af svæðinu norðan Flatahrauns frá 1958. Svæðið er að mestu óbyggt fyrir utan nokkrar skemmur og bragga en fiskitrönur eru einnig áberandi í landslaginu. Myndin er í fórum Bygðasafns Hafnarfjarðar og hefur verið klippt til.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var sagt að Garðar væru kirkjustaður í eigu kirkjunnar. Þá var sagt að jarðadýrleiki hafi verið óviss allt til ársins 1697 en þá var staðarins getið og var hann metinn af sex mönnum sem valdir voru til matsins af prófastinum á Kjalarnesþingi og sýslumanninum í Gullbringusýslu eftir tilmælum frá amtmanninum. Staðurinn var þá virtur að 60 hndr. að dýrleika. Ábúandinn var þá Sr. Ólafur Pétursson prófastur í Kjalarnesþingi, landskuld var engin og höfðu fyrrnefndir sexmenningar áætlað að leiga fyrir jörðina væri tveir hundruðustu. Kirkjan átti 20 kúgildi, þar af voru sum þeirra í leiguburði á kirkjunnar jörðum og líka á hjáleigum í kringum staðinn. Garðar voru með selstöðu í Kaldárseli, þar voru bæði hagar og vatnsból góð. Móskurður til eldiviðar var nægur en ef þurrt

²² DI II, bls. 362

²³ DI III, bls. 220

²⁴ DI XIII, bls. 317

var fór hann og var erfiður. Heimræði var allt árið og lending góð. Róðrar voru fengsælir þegar fisk var að fá í Hafnarfirði.²⁵


Í Jarðabók Johnsens frá 1847 fékk jörðin númerið 185 og var kirkjujörð. Dýrleikinn var 40, landskuld 2 og kúgildi 1.²⁶

Árið 1912 gaf Jens Pálsson, prófastur í Görðum, Hafnarfjarðarbæ kost á að kaupa nokkuð af því landi sem bærinn stóð á með beitarlandi fyrir 52.000 kr. og heimilaði Alþingi þessi landakaup með lögum þann 22. október sama ár. Landsstjórninni veittist heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstaði land Garðakirkju sunnan og vestan þessara marka:

1. Bein lína úr Balaklöpp við vesturenda Skerseyrarmalar í veg inn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur þar sem hann fer að fara lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins.
2. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunholti, nálægt í hásuður frá bænum spölkorn frá hraunjaðrinum.
3. Úr Hádegishól bein lína í Miðaftanshól sem er gamalt miðaftansmark miðað frá Vífilstöðum; - þá tekur við:
4. Urriðakotsland; þá
5. Setbergsland allt til Lækjarbotna og loks
6. Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegur.²⁷

Hamarskot var innifalið í þessum kaupum en Hamarskotstún innan girðingar og Undirhamarstúnsblettur voru undanskilin. Átti presturinn að hafa þar grasnytjar ef hann flyttist til Hafnarfjarðar. Árið 1927 skoraði bæjarstjórn Hafnarfjarðar á þingmenn Gullbringu- og Kjósarsýslu að flytja frumvarp á næsta Alþingi um að Hafnarfjarðarkaupstaður fengi það land sem Garðakirkja ætti í miðjum bænum. Alþingi samþykkti frumvarp um söluna 1928 og bærinn keypti landið árið 1930 fyrir 12.000 kr.²⁸

Engar fornleifar fundust á vettvangi norðan við götuna Flatahraun þegar svæðið var gengið 2018,²⁹ enda svæðið nærri allt farið undir byggingar að undanskildum einum hraunbolla sem er um 0.4 ha af



Mynd 10 - Gerði (2578-2) á loftmynd frá 1958 og uppmælingin.

²⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1924, bls. 180-181

²⁶ J. Johnsen, 1847, bls. 92

²⁷ Sigurður Skúlason, 1933, bls. 102

²⁸ Sigurður Skúlason, 1933, bls. 105

²⁹ Atli Rúnarsson, 2018

stærð. Þetta svæði var í rauninni að mestu óbyggt fram að árunum 1964-1986. Þó er mögulegt að þar hafi verið einhverjir fiskireitir og aðrar landbúnaðarminjar, sem eru algengar í hraununum í kring um Hafnarfjörð, sem nú eru horfnar.

Töluvert af minjunum sem skráðar voru eru taldar yngri en 1900 en margar af þeim sjást vel á loftmynd frá 1958 (sjá mynd 9) og tengjast ræktun á svæðinu en svo virðist sem að skjólgóðir hraunbollar hafi verið vel nýttir undir þá iðju.

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	ALDUR
2578-1		garðlag	landamerki/lóðamörk	1900-1950
2578-2		garðlag	gerði	1900-1950
2578-3		tóft	kartöflugeymsla	1900-1950
2578-4		garðlag	ræktun	1900-1950
2578-5		tóft	kartöflugeymsla	1900-1950
2578-6		tóft	óþekkt	1550-1900
2578-7		hleðsla	stekkur	1550-1900
2578-8		garðlag	ræktun	1900-
2578-9		garðlag	gerði	1550-1900
2578-10		hleðsla	fjárskýli	1550-1900
2578-11		hleðsla	fyrirhleðsla	1550-1900
2578-12		tóft	óþekkt	1550-1900
2578-13		niðurgröftur/hleðsla	stöðull	1550-1900
2578-14		garðlag	ræktun	1900-1950
2578-15		hleðsla	ræktun	1900-1950
2496-440	Einarsreitir	steinalögn	fiskreitir	1913
2496-441		tóft	óþekkt	1550-1900
2496-442		tóft	óþekkt	1550-1900
2496-443		tóft	óþekkt	1900-1950
2496-444		garðlag	gerði	1550-1900
2496-445		garðlag	matjurtagarður	1550-1900
2496-446		tóft	kartöflugeymsla	1550-1900
2496-447		garðlag	ræktun	1550-1900
2496-448		tóft	óþekkt	1550-1900
2496-449		garðlag	óþekkt	1550-1900
2496-450		garðlag	óþekkt	1550-1900
2496-451		garðlag	óþekkt	1550-1900
2496-452		garðlag	óþekkt	1900-
2496-453		garðlag	óþekkt	1900-

Tafla 3 - Skráðar minjar í Hraununum

Einnig er vert að minnast á Einarssreit (2496-440), saltfiskreit sem Einar Þorgilsson útgerðarmaður lét útbúa árið 1913 og var hann stækkaður árið 1929, en þetta er líklega eini

fiskreiturinn á landinu sem hefur verið metinn til fjár. Í dómi frá 1994, í eignarnáms máli Hafnarfjarðarbæjar og Einar Þorgilsson & Co. HF., er reiturinn metinn á 9,4 milljónir króna.³⁰



Mynd 11 - Fólk við vinnu á Einarsreit (2496-440). Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar

³⁰ Einarsreitur metinn á 37,4 millj. kr. samkvæmt yfirmati, 1995

Heimildaskrá

- 100 ára afmælis rafmagns minnst í Hafnarfirði. (10. 12 2004). Sótt frá mbl.is: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2004/12/10/100_ara_afmaelis_rafmagns_minnst_i_hafnarfirdi/
- Atli Rúnarsson. (2018). *Fornleifaskráning við Reykjarvíkurveg, Fjarðarhraun og Flatahraun*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Atli Rúnarsson. (2018). *Fornleifaskráning við Reykjavíkurveg, Strandgötu, Austurgötu og Lækjargötu*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gullbringu- og Kjósarsýsla* (B. 3). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Bjarni F. Einarsson. (2020). *Fornleifaskráning í miðbæ Hafnarfjarðar, Miðbær hraun vestur, vegna deiliskipulags*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Brunabótafjelag Íslands. (1916-1917). *Virðingabók Brunabótafjells Íslands fyrir Hafnarfjörð. Bók A*. Reykjavík: Brunabótafjelag Íslands.
- Einarsreitur metinn á 37,4 millj. kr. samkvæmt yfirmati. (17. febrúar 1995). *Morgunblaðið*, bls. 13.
- Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu og sóknalýsingar Hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1885*. (2007). Reykjavík: Sögufélag.
- Hildur Gestsdóttir & Sædis Gunnarsdóttir. (1998). *Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði - Fornleifaskráning í Hafnarfirði I*. 1998: Fornleifastofnun Íslands.
- Íslenskt fornbréfasafn. (1857-76). *Diplomatarium Islandicum (DI I-XVI)*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsingum, fólkstölu i hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðgarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Jón Víðis. (1925-26). Hafnarfjörður.
- Katrín Gunnarsdóttir. (2010). *Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulags á reit milli Hverfisgötu, Gunnarssund, Austurgötu og Mjósunds*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Katrín Gunnarsdóttir. (2011). *Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulags á reit sem er frá Arnarhrauni í vestur-norður, Álfaskeiði í suður og austur, og Flatahrauni í austur, þar sem það mætir Arnarhrauni*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- (2012). *Lög um menningarminjar*.
- Magnús Jónsson. (1967). *Bær í byrjun aldar*. Hafnarfjörður: Magnús Jónsson.
- Minjastofnun Íslands. (2013). *Skráningarstaðlar fornleifa*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.

Sigurður Skúlason. (1933). *Saga Hafnarfjarðar*. Reykjavík: Bæjarsjóður Hafnarfjarðar.

Yngvi Þór Loftsson. (2006). *Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025. Umhverfi og útivist*.
Kópavogur: Landmótun.

Örnefnastofnun Íslands. (án dags.). *Örnefni Garðahverfi, 2*.

Myndaskrá

Mynd 1 - Loftmynd af skráningarsvæðinu. Svæðið er innan hvítu punktalínunnar.....	1
Mynd 2 - Hafnarfjörður um 1880. Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar	2
Mynd 3 - Hafnarfjörður um 1926. Ýmis garðlög sjást á myndinni. Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar	5
Mynd 4 - Yfirlitskort af skráðum minjum á skráningarsvæðinu	6
Mynd 5 - Fjárskýli (2578-10)	8
Mynd 6 - Austurgata 46 í forgrunni á ljósmynd sem tekin var um 1926. Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar og hefur verið klippt til.....	10
Mynd 7 - Austurgata 15, ljósmynd tekin fyrir 1928. Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar.....	11
Mynd 8 - Skráningarsvæðið á uppdrætti Jóns Víðis frá 1925-26. Kortið er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar og hefur verið klippt til.	11
Mynd 9 - Loftmynd af svæðinu norðan Flatahrauns frá 1958. Svæðið er að mestu óbyggt fyrir utan nokkrar skemmur og bragga en fiskitrönur eru einnig áberandi í landslaginu. Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar og hefur verið klippt til.....	12
Mynd 10 - Gerði (2578-2) á loftmynd frá 1958 og uppmælingin.....	13
Mynd 11 - Fólk við vinnu á Einarsreit (2496-440). Myndin er í fórum Byggðasafns Hafnarfjarðar.....	15

Töfluskrá

Tafla 1 - Yfirlit yfir skráðar minjar á svæðinu.....	8
Tafla 2 - Skráðar minjar í miðbæ Hafnarfjarðar	10
Tafla 3 - Skráðar minjar í Hraununum.....	14

Viðauki 1: Fornleifaskrá

Ljósmyndir voru teknar af höfundum nema annað sé tekið fram.

Á teikningum snýr norður upp nema annað sé tekið fram.

Númer: 2578-1

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 18.1.2021

ISN93: E 356372.8 , N 399571.3

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Lóðamörk

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900-

Friðlýst: Nei

Lengd: 20m

Breidd: 0.5m

Vegghæð: 0 – 0.8m

Breidd veggja: 0.5m

Umhverfi/staðhættir:


Bakvið hús Álfaskeið 60 og Tjarnarbraut 29. Mikill trjávöxtur

Lýsing:

Garðlag, lóðamörk. Úr hraungrýti, veggjahæð er 0 – 0.8m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.5m.

Heimildir/Athugasemdir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-2

Fyrri skráningarnúmer: 185/13

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 18.1.2021

ISN93: E 356304.5 , N 399636.2

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Gerði

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1900-

Friðlýst: Nei

Lengd: 30.6m

Breidd: 15m

Vegghæð: 0 – 1.3m

Breidd veggja: 1m

Umhverfi/staðhættir:

Á auðu hraunsvæði við gatnamót Arnarhrauns og Álfaskeiðs.


Lýsing:

Gerði, úr hraungrýti. Horfið á köflum. Hraunklettar nýttir í hleðsluna. Kartöflukofi (2578-3) er áfastur gerðinu sunnan megin. Veggjahæð er frá 0 – 1.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.

Heimildir/Athugasemdir:

Gerðið sést á loftmynd frá 1958.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-3

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 18.1.2021

ISN93: E 356372.8 , N 399571.3

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Kartöflugeymsla

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1900-

Friðlýst: Nei

Lengd: 4.3m

Breidd: 3.4m

Vegghæð: 0 – 0.8m

Breidd veggja: 0.5m

Umhverfi/staðhættir:


Á auðu hraunsvæði við gatnamót Arnarhrauns og Álfaskeiðs. Mikill trjávöxtur við tóftina.

Lýsing:

Kartöflugeymsla, úr hraungrýti. Inngangur í suðri. Veggjahæð er frá 0.2 – 1m og veggja breidd er að jafnaði um 1m. Nýtir náttúrulega gjótu í hrauninu og norður veggur er hluti af gerði (2578-2).

Heimildir/Athugasemdir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-4

Fyrri skráningarnúmer: 185/18

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 18.1.2021

ISN93: E 356272.2 , N 399643.1

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Ræktun

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Illgreinanleg

Aldur: 1900-

Friðlýst: Nei

Lengd: 18.5m

Breidd: 0.4m

Vegghæð: 0 – 0.2m

Breidd veggja: 0.4m

Umhverfi/staðhættir:

Á auðu hraunsvæði við gatnamót Arnarhrauns og Álfaskeiðs. Við grasigróna laut.

Lýsing:


Garðlag úr hraungrýti. Veggjahæð er frá 0 – 0.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.4m.

Garðlagið liggur N-S og gengur að tóft (2578-5).

Heimildir/Athugasemdir:

Garðlagið sést á loftmynd frá 1958.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-5

Fyrri skráningarnúmer: 185/16

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 18.1.2021

ISN93: E 356372.8 , N 399571.3

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Kartöflugeymsla

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1900-

Friðlýst: Nei

Lengd: 2.4m

Breidd: 3m

Vegghæð: 0.5 – 0.7m

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Á auðu hraunsvæði við gatnamót Arnarhrauns og Álfaskeiðs. Við grasigróna laut.


Lýsing:

Kartöflugeymsla, úr hraungrýti. Opín í NV. Töluvert hrunin og hlaðin upp við klett.

Veggjahæð er frá 0.5 – 0.7m og veggjabreidd er ógreinileg, hrunin og gengur undir gras.

Heimildir/Athugasemdir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-6

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 18.1.2021

ISN93: E 356372.8 , N 399571.3

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Illgreinanleg

Aldur: 1550-1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 5m

Breidd: 4.6m

Vegghæð: 0 – 1.2m

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:


Á grasivöxnum blett á óbyggðu hraunsvæði á milli Álfaskeiðs, Svöluhrauns og Arnarhrauns.

Lýsing:

Tóft úr hraungrýti. Grasivaxin og mögulega niðurgrafin. Veggjahæð er frá 0 – 1.2m og veggjabreidd er ógreinileg. Inngangur í austri.

Heimildir/Athugasemdir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-7

Fyrri skráningarnúmer: 185/21

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 18.1.2021

ISN93: E 356372.8 , N 399571.3

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Stekkur

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550-1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 2.8m

Breidd: 2.2m

Vegghæð: 0 – 0.8m

Breidd veggja: 0.5m

Umhverfi/staðhættir:

Á óbyggðu hraunsvæði á milli Álfaskeiðs, Svöluhrauns og Arnarhrauns.

Lýsing:

Stekkur, úr hraungrýti. Veggjahæð er frá 0 – 1.2m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m. Við enda á langri sprungu í hrauninu, mosavaxin.

Heimildir/Athugasemdir:

Ljósmyndir/teikningar:



Norður snýr til hægri

Númer: 2578-8

Fyrri skráningarnúmer: 185/17

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 19.1.2021

ISN93: E 356266.7 , N 399650.5

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Ræktun

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1900-

Friðlýst: Nei

Lengd: 9.4m

Breidd: 0.7m

Vegghæð: 0 – 0.8m

Breidd veggja: 0.7m

Umhverfi/staðhættir:


Á auðu hraunsvæði við gatnamót Arnarhrauns og Álfaskeiðs. Við grasigróna laut.

Lýsing:

Garðlag úr hraungrýti, hefur líklega tengst garðlagi (2578-4). Veggjahæð er frá 0 – 0.8m og veggjabreidd er að jafnaði 0.7m. Mosavaxið.

Heimildir/Athugasemdir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-9

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 18.1.2021

ISN93: E 356303.2 , N 399583.6

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Gerði

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550-1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 7.4m

Breidd: 6.4m

Vegghæð: 0 – 1m

Breidd veggja: 1.3m

Umhverfi/staðhættir:


Á óbyggðu hraunsvæði á milli Álfaskeiðs, Svöluhrauns og Arnarhrauns. U.þ.b. 5m norðan við göngustíg.

Lýsing:

Gerði, úr hraungrýti. Umlykur grasigróna laut í hrauninu. Veggjahæð er frá 0 – 1m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.3m. Töluvert hrúnið og enginn sjáanlegur inngangur. Klettar nýttir í gerðið.

Heimildir/Athugasemdir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-10

Fyrri skráningarnúmer: 185/25

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 18.1.2021

ISN93: E 356372.8 , N 399571.3

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Fjárskýli

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1550-1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 4.2m

Breidd: 0.5m

Veggjahæð: 0 – 0.5m

Breidd veggja: 1.3m

Umhverfi/staðhættir:

Á óbyggðu hraunsvæði á milli Álfaskeiðs, Svöluhrauns og Arnarhrauns. U.þ.b. 4m sunnan við göngustíg.


Lýsing:

Fjárskýli, hleðsla framan við skúta úr hraungrýti. Töluvert hrúnin. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.5m og veggjabreidd að jafnaði 1.3m. Töluvert hefur hrúnið úr fjárskýlinu síðan það var skráð 2011.

Heimildir/Athugasemdir:

Katrín Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulags á reit sem er frá Arnarhrauni í vestur-norður, Álfaskeiði í suður og austur og Flatahrauni í austur, þar sem það mætir Arnarhrauni.* Bygðasafn Hafnarfjarðar. 2011

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-11

Fyrri skráningarnúmer: 185/24

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 18.1.2021

ISN93: E 356267.8 , N 399832.0

Sérheiti:

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Fyrirhleðsla

Fjöldi: 2

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550-1900

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd:

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Í sprungu á óbyggðu hraunsvæði á milli Álfaskeiðs, Svöluhrauns og Arnarhrauns. U.þ.b. 7m sunnan við göngustíg.


Lýsing:

Fyrirhleðsla úr hraungrýti. Tvær hleðslur sem loka af sprungu í hrauninu. Báðar töluvert hrundar en hafa lokað sprunguna alveg af. Veggjahæð er frá 0.1 – 0.5m en veggja breidd er ógreinileg vegna hruns.

Heimildir/Athugasemdir:

Katrín Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulags á reit sem er frá Arnarhrauni í vestur-norður, Álfaskeiði í suður og austur og Flatahrauni í austur, þar sem það mætir Arnarhrauni.* Bygðasafn Hafnarfjarðar. 2011

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-12

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 19.1.2021

ISN93: E 356276.2 , N 399859.0

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Óþekkt

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550-1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 2.6m

Breidd: 2.3m

Vegghæð: 0.2 – 0.7m

Breidd veggja: 0.5m

Umhverfi/staðhættir:


Á grasivöxnum blett á óbyggðu hraunsvæði á milli Álfaskeiðs, Svöluhrauns og Arnarhrauns.

Lýsing:

Tóft úr hraungrýti. Opín í NV. Töluvert hrunin og mosavaxin. Tóftin er hlaðin við hraunklett og fyrir skúta. Veggjahæð er frá 0.2 – 0.7m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.5m.

Heimildir/Athugasemdir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-13

Fyrri skráningarnúmer: 185/20

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 19.1.2021

ISN93: E 356333.0 , N 399837.2

Sérheiti:

Tegund: Niðurgröftur / Hleðsla

Hlutverk: Stöðull

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1550-1900

Friðlýst: Nei

Lengd: 2.1m

Breidd: 0.7m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Í sprungu á óbyggðu hraunsvæði á milli Álfaskeiðs, Svöluhrauns og Arnarhrauns.


Lýsing:

Stöðull, búið að höggva úr klett og hlaða fyrir framan, hleðslan er hrunin.

Heimildir/Athugasemdir:

Katrín Gunnarsdóttir. *Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulags á reit sem er frá Arnarhrauni í vestur-norður, Álfaskeiði í suður og austur og Flatahrauni í austur, þar sem það mætir Arnarhrauni.* Byggðasafn Hafnarfjarðar. 2011

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2578-14

Fyrri skráningarnúmer: 185/27

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Garðar

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 19.1.2021

ISN93: E 356400.5 , N 400044.3

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Ræktun

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1900-

Friðlýst: Nei

Lengd: 5.1m

Breidd:

Vegghæð: 0.3 – 0.6m

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Í djúpri hraungjótu norðan við húsið sem stendur við Álfaskeið 21.


Lýsing:

